

Alþingi
Erindi nr. P 130/2374
komudagur 7.5.2004

Svar Evrópuréttarstofnunnar Háskólans í Reykjavík við beiðni Allsherjarnefndar Alþingis um umsögn um frumvarp um útvarpslög og samkeppnislög, 974. mál., eignarhald á fjölmiðlum.


Fyrir liggur að Allsherjarnefnd Alþingis hefur sent beiðni af ofangreindu tagi bæði til lagadeildar Háskólans í Reykjavík og Evrópuréttarstofnunar hans. Verður að draga þá ályktum af framangreindu að þess sé í raun óskað að Evrópuréttarstofnunin fjalli um hugsanalega snertifleti frumvarpsins og Evrópuréttarins, þ.á.m. EES réttar, á meðan almennari umfjöllun gæti komið í hlut lagadeildarinnar. Hefur Evrópuréttarstofnun HR farið yfir málið á þeim grundvelli.

Framangreind beiðni Allsherjarnefndar Alþingis er dagsett 4. maí 2004 og barst Evrópuréttarstofnun HR þann 5. maí. Óskað var svars eigi síðar en 7. maí. Ljóst er að þessi tímarammi hefur sniðið Evrópuréttarstofnun HR mjög þröngan stakk og að á umræddum tíma var ekki hægt að gera viðeigandi efnisréttarlegum álitaefnum Evrópu- og EES réttarins forsvaranleg skil. Þannig hefur Evrópuréttarstofnunin nálgast málið með þeim hætti að skoða á hvaða reglur Evrópu/EES réttarins gæti helst reynt í samhengi framkomins frumvarps. Þær reglur sem helst koma til álita eru eftirfarandi:

1. Reglur ESB og EES réttar um staðfesturétt.
2. Reglur ESB og EES réttar um þjónustufrelsi.
3. Meginreglur ESB og EES réttarins.
 - Reglur um tjáningarfrelsi
 - Reglur um eignarétt
 - Reglur um lögfræðilega vissu og afturvirkni
4. Afleidd löggjöf ESB sem er hluti EES réttar :
 - Tilskipanir 2002/20/EC og 2002/21/EC er varða útvarpsleyfi.
 - Tilskipun 89/552/EEC um samræmingu útsendingarstarfsemi sjónvarps (Television without Frontiers).

Niðurstaða könnunar Evrópuréttarstofnunar HR á þeim réttareglum sem tilgreindar eru hér að ofan er sú, að ekki sé hægt að slá því föstu að frumvarp það sem fyrir liggur samræmist að öllu leyti ofangreindum reglum. Áreiðanleikastig niðurstöðunar er vissulega í samræmi við þann stutta fyrirvara sem Stofnunin hefur haft til að skoða málið, en það er engu að síður mat hennar að tvímælis geti orkað frá sjónarhóli EES skuldbindinga Íslands að lögtaka frumvarpið án frekari skoðunar á þessum atriðum.

Reykjavík, 7. maí 2004.



Einar Páll Tamimi, forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík